

Stjórnun apótek,
Vesturbæjar apótek.

IV. flokkur: Akranes apótek,
Borgar apótek,
Garðs apótek,
Háaleitis apótek,
Ísafjarðar apótek,
Kópavogs apótek,
Laugarnes apótek,
Lyfjabúð Breiðholts,
Selfoss apótek.

V. flokkur: Apótek Austurlands, Seyðisfirði,
Apótek Neskaupstaðar,
Árbæjar apótek,
Borgarnes apótek,
Dalvíkur apótek,
Húsavíkur apótek,
Patreks apótek,
Sauðárkróks apótek,
Siglufjarðar apótek,
Stykkishólms apótek.

3. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til ríkisféhirðis fyrir 15. desember 1973.
Gjaldið er lögtakskræft.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. október 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

REGLUR

um viðbótarritlaun.

1. gr.

Reglur þessar fjalla um úthlutun 12 millj. kr. fjárveitingar samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1973 til íslenskra rithöfunda og höfunda fræðiritar.

2. gr.

Úthlutun miðast við ritverk útgefið eða flutt opinberlega á árinu 1972, en ritverk frá árunum 1971 og 1970 kemur einnig til álita.

Auglýst skal eftir upplýsingum frá höfundum um verk þeirra á þessu tímabili.

3. gr.

Veiting til hvers höfundar nemi 250 þús. kr., en verði úthlutunarnefnd sammála um það, getur hún þó ákveðið fjárhæð þessa nokkru hærri eða lægri.

4. gr.

Úthlutun annast þriggja manna nefnd skipuð af menntamálaráðherra þannig: Einn maður tilnefndur af kennurum í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands, og skal hann vera formaður nefndarinnar, og tveir menn utan Félags íslenskra rithöfunda og Rithöfundafélags Íslands tilnefndir af stjórnnum félaganna.

Nefndin ljúki störfum fyrir 15. desember 1973.

5. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í þingsályktun frá 18. maí 1972 og fjárlögum fyrir árið 1973 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 23. október 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlactus.